# Sjómannadagshelgin í Grundarfirði 2026

**Fimmtudagurinn 4. júní**

**18:00** – Leirdúfuskotfimi. Einstaklings- og liðakeppni þar sem sjómenn etja kappi við landkrabba. Allir velkomnir. Skráning á skotgrund@gmail.com

**Föstudagurinn 5. júní**

**9:30** – Fiskasýning á Leikskólanum Sólvöllum. Sjómenn heimsækja skólann, bjóða upp á harðfisk og skora svo að venju á krakkana í reipitogskeppni.

**13:00** – Sundlaugarfjör fyrir krakka 10 ára og eldri. Fatasund, koddaslagur, kararóður og fleira.

**15:30 – 18:00** – Gestum boðið að skoða varðskipið Óðinn við Grundarfjarðarhöfn.

**17:30** – Sjómannadagsgolfmót á Bárarvelli í boði G.RUN. Ræst verður út af öllum teigum kl. 17:30. Mæting kl. 17:00. Spilað verður fjögurra manna Texas. Skráning á www.golf.is eða á annamaria@grun.is. Skráningu lýkur kl. 14:00 sama dag.

**Laugardagurinn 6. júní**

**11:00** – Krakkasprell í Vélsmiðju Grundarfjarðar í Ártúni. Hoppukastalar og glaðningur fyrir börnin.

**12:00** – Hátíðarsigling um fjörðinn að Melrakkaey á Farsæl SH30.

**13:00** – Hátíðarhöld á hafnarsvæðinu hefjast:

- Boðið verður upp á hressingu í boði Mæstro, Coca-Cola og Kjörbúðarinnar.
- Keppnisgreinar og þrautabrautir á bryggjusvæðinu. Hvert lið er skipað fjórum einstaklingum, öllum velkomið að taka þátt.
- Reipitogskeppni um Pétursbikarinn.
- Skráning hjá Sigga Finna á staðnum.

**16:00** – Blakleikur í íþróttahúsinu. Sjómenn etja kappi við konur sínar, mæður, systur og dætur í æsispennandi leik. Í hálfleik verður verðlaunaafhending frá liðakeppninni við höfnina.

**23:00 – 02:00** – Dansleikur á Kaffi 59 með hljómsveitinni BLAND.
*Frítt inn fyrir þá sem bera merki sjómannadagsins.*

**Þökkum stuðninginn**

Skeljungur, G.RUN, TANDUR, VS, VOOT, Samhentir, MÆSTRO street food, Vélsmiðja Grundarfjarðar, Kaffi 59, Umbúðamiðlun ehf, Fiskmarkaður Snæfellsbæjar, ISI Iceland Seafood, iTUB, Akraborg, 66° Norður, Djúpiklettur, Ragnar & Ásgeir ehf. Stykkishólmi - Grundarfirði - Snæfellsbæ, Soffanías Cecilsson hf. Útgerð - Fiskverkun, Formar, Marz Seafood, Fiskmarkaður Íslands, Tölvuverk bókhaldsþjónusta, Mareind, Kjörbúðin, LákiTours, Víking, Smiðjan Fönix

Sjómannadagurinn Grundarfirði

## Sunnudagurinn 7. júní

**8:00** – Fánar dregnir að húni.

**12:00** – Leikhópurinn Lotta sýnir Litaland á leikskólalóðinni. Frítt inn fyrir alla þá sem bera merki sjómannadagsins. Ef veður er vont verður sýningin í íþróttahúsinu.

**14:00** – Sjómannaguðsþjónusta í Grundarfjarðarkirkju. Sr. Karen Hjartardóttir messar og karlakórinn Kári syngur.

Ólafur Guðmundsson og Kristján Guðmundsson fyrrum sjómenn verða heiðraðir fyrir störf sín og sæmdir heiðursmerki sjómannadagsráðs Grundarfjarðar. Að guðsþjónustu lokinni verður stutt athöfn við styttuna Sýn þar sem blómsveigur verður lagður til minningar um látna sjómenn.

Sjómannadagskaffi Kvenfélagsins Gleym mér ei verður í Samkomuhúsinu strax að lokinni guðsþjónustu.

***Merki sjómannadagsins verða til sölu við alla viðburði í dagskránni og kostar 1.000 kr.***

**Svipmyndir frá árinu 2025**



**Þökkum stuðninginn**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Maggi Jobba slf.** | **Óli smiður ehf.** | **Trésmiðjan Gráborg ehf.** | | **JK & CO slf.** |
| **Sif SH132** | **Vinur SH34** | **Eyrún SH94** | **Byr SH9** | **Snúlli SH95** |
| **Birtir SH204** | **Bangsi SH208** | **Þröstur SH19** | **TSC ehf.** | **Gústi Jóns ehf.** |
| **Ritan SH268** | **Birta SH203** | | | |

**Sjómannadagurinn Grundarfirði**